

# Auglýsing

## um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

### Um framlögin

Sérstök áhersla verður lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og verða verkefni sem eru líkleg til að hafa varanleg og veruleg jákvæð áhrif á þróun byggðar og búsetu sett í forgang.

Veitt verða framlög til verkefna á sóknaráætlunarsvæðum:

- sem nýtast einstökum svæðum eða byggðalögum innan landshlutans.
- sem nýtast landshlutanum í heild.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Íbúapróun, aldurssamsetning, kynjahlutföll og fleira
- Samsetning atvinnulífs og atvinnustig
- Meðaltekjur
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta

### Styrkhæfir aðilar

Einungis landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um þá styrki sem hér eru auglýstir.

### Styrkfjárhæðir í boði

Á árinu 2018 verður veitt allt að 120 milljónum króna til að styrkja sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Árleg hámarksfjárhæð til einstakra verkefna er 30 milljónir króna. Heimilt er að veita styrki til sama verkefnis til allt að fimm ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

## Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði teknar til greina.

## Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir 30. september 2018.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í október 2018.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu: [holmfridur.sveinsdottir@srn.is](mailto:holmfridur.sveinsdottir@srn.is).